# Umsókn til skipulagsfulltrúa 22.1.2020 15:31

## Almennar upplýsingar:

| | |
|---|---|
| **Nafn** | Gunnar Bergmann Stefánsson |
| **Erindi nr.** | P-2020-01-22-0207 |
| **Kennitala** | [redacted] |
| **Heimilisfang** | [redacted] |
| **Póstnúmer** | [redacted] |
| **Símanúmer** | [redacted] |
| **Netfang** | gunnar.bergmann@gmail.com |
| **Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða)** | - |
| **Netfang tengiliðs** | - |

---

| | |
|---|---|
| **Greiðanda kennitala** | 4401692879 |
| **Greiðanda nafn** | Bandalag íslenskra skáta |
| **Greiðanda netfang** | kristinn@skatar.is |

## Framkvæmdasvæði

| | |
|---|---|
| **Heimilisfang/lóðarheiti** | Hádegismóar |

---

| | |
|---|---|
| **Umsækjandi er** | Í umboði eiganda |

---

| | |
|---|---|
| **Umsækjandi** | Ekki til deiliskipulag |

---

| | |
|---|---|
| **Erindið fjallar um** | Deiliskipulag |

**Stutt lýsing á erindi**
Sótt er um að deiliskipuleggja landsvæði fyrir neðan Hádegismóa 2-4 fyrir nýjar höfuðstöðvar Bandalags íslenskra skáta.
Meðfylgjandi er "Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags" og þar er skýrt um hvaða svæði er um að ræða.
Deiliskipulagsuppdráttur verður lagður inn eftir að lýsing þessi hefur fengið umfjöllun.

---

**Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn – þar sem við á**

Greinagerð

| | |
|---|---|
| **Lýsandi nafn skjals** | 2020-01-14---Hofudstodvar-skata-i-Hadegismoum---deiliskipulagslysing.pdf |

-

-

# Hádegismóar 3 - Deiliskipulag

## Skilmálar:

**- Landnotkun:**
Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er reiturinn á svæði sem skilgreind er sem OP17, og gert er ráð fyrir að þungamiðja þjónustu fyrir svæði OP17 verði norðan við Rauðavatn.

**- Grunnástand svæðis**
Svæðið er staðsett norðan við Rauðavatn og hallar þar að vatninu með halla mót suðri. Hæðarmunur innan svæðis er um 9.5m. Svæðið er að mestu leiti raskað en hefur gróið upp á síðustu áratugum. Um ¼ hluti svæðisins er þakinn trjágróðri og afgangurinn að mestu leiti grónir melar. Gróðurinn ber þess merki vera hluti af skjólmyndun fyrir nytjarækt eða litla kofa/sumarhús. Meginuppistaða trjágróðurs eru víðir, greni og birki en einnig má finna þar stakstæða reyniviði og lerkitré. Grónir melar eru þaktir lúpínu, sigurskúf og öðrum sjálfsánum fjölærum plöntum. Núverandi landnotkun er lítil sem engin en um svæðið liggja óformlegir stígar og gömul yfirgróin akstursleið. Ein malarborin akstursleið liggur inn á svæðið með óformlegu bílastæði sem rúmar um 4 bíla.

**- Tengingar við önnur svæði**
Fyrir norðan svæðið eru Hádegismóar en við þá götu standa nokkur fyrirtæki sem stunda léttan iðnað eins og prentun, heildsölu og ferðaþjónustu. Austan við svæðið er útivistarsvæði það sem tilheyrir Hólmsheiði. Sunnan við er akvegur með lítilli umferð en hann veitir aðgang að útivistarsvæðum Rauðavatns og Hólmsheiðar. Vestan við er skógur og kjarr og handan við það er Suðurlandsvegur.

**- Hönnun og uppdrættir:**
Byggingar skulu vera í samræmi við skipulagsskilmála þessa, gildandi byggingarreglugerð, mæli- og hæðarblöð og aðrar reglugerðir og staðla sem um byggingarframkvæmdir gilda.

**- Mæliblöð og hæðarblöð:**
Mæliblað skal sýna lóðamörk, stærð lóðar, stærðir og staðsetningar byggingarreita, innkeyrslur inn á lóðina og kvaðir ef einhverjar eru. Gera þarf mæliblöð af lóð og byggingareitum innan hennar samkvæmt þessu deiliskipulagi. Nákvæm stærð lóðar verður skilgreind á mæliblöðum.
Hæðarblöð sýni hæðir á hnitasettum punktum á lóðamörkum ásamt hæðarlínum lands á svæðinu og hæð plötu á aðkomuhæð fyrirhugaðra bygginga innan hvers byggingarreits.

**- Lóð:**
Stærð: 22.811m²
Stærð og afmörkun lóðar er leiðbeinandi þar til að mæliblað verður gefið út. Stærð og afmörkun lóðar öðlast gildi við samþykkt mæliblaðs.

**- Gatna- og stígakerfi:**
Hönnun og lega gatna, stíga, staðsetning götugagna og bílastæða á deiliskipulagsuppdrætti er ekki nákvæm og fyrst og fremst hugsuð til viðmiðunar. Framangreind atriði geta því tekið breytingum við nánari hönnun og framkvæmdir. Tillögur að verulegum breytingum skulu lagðar fyrir skipulags- og byggingarnefnd til samþykktar. Kynna skal slíkar tillögur fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu.

**- Byggingarreitir:**
Byggingarreitir skulu vera nákvæmlega skilgreindir á mæliblaði og sýna svæði sem nýbyggingar og viðbyggingar mega ekki fara út fyrir, en ekki er kvöð um að byggja að mörkum byggingarreits. Heildarflötur bygginga á lóð er takmarkaður af hámarksnýtingarhlutfalli lóðar. Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjáls innan þess ramma sem reitur og reglugerðir leyfa.
Byggingarreitur er sýndur með óbundinni byggingarlínu.

**- Hæð bygginga:**
Gert er ráð fyrir einnar til tveggja hæða byggingum. Hæðir hvers byggingarreits eru sýndar á skýringarmynd Snið A-A og byggingar skulu ekki fara upp fyrir hæðarlínu. Byggingarhlutar sem óhjákvæmilega ná upp fyrir þak, svo sem lyftuhús, þakgluggar, reykháfar og loftræstibúnaður mega þó fara upp fyrir hámarkshæð byggingarreits að því marki sem nauðsyn ber, að mati byggingarfulltrúa
Þakform er frjálst, halli frá 2° til 60°

**- Form og efnisval bygginga:**
Form og stefna bygginga er frjáls innan byggingarreits. Standi hús í halla skal aðlaga það að landi með inngöngum á mismunandi hæðum/stöllum. Ytra byrði skal tóna með nánasta umhverfi og efni sem nota má í klæðningar/ytra byrði eru:
- Timbur
- Sjónsteypa
- Steinklæðningar
- Ryðfríar málmklæðningar

Leitast skal við að velja umhverfisvæn byggingarefni í alla hluta bygginganna, og tryggja eftir fremsta megni að þau hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi né heilsu manna.

**- Hámarksfjöldi bygginga á lóð:**
Heimilt er að reisa eina byggingu innan hvers byggingarreits.

**- Nýtingarhlutfall:**
Leyfilegt nýtingarhlutfall á lóð er 0,062. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 1.415 m².

**- Kjallarar:**
Ekki er gert ráð fyrir kjöllurum undir byggingunum, en ef jarðvegur býður upp á það þá má nýta rými undir byggingum sem kjallara og reiknast þeir fermetrar ekki inn í reiknitölu nýtingarhlutfalls.

**- Framkvæmdir utan byggingarreita:**
Ekki er leyfilegt að reisa byggingar utan byggingarreita.

**- Bílastæði:**
Innan lóðar er gert ráð fyrir að hámarki 1 bílastæði á hverja 50 byggða fermetra. Aðal bílastæði er staðsett í norð-vestur horni lóðar, þar sem gert er ráð fyrir 26 bílastæðum. Við skemmu er gert ráð fyrir plani fyrir starfsemina með að minnsta kosti 2 bílastæðum.

**- Meðhöndlun gróðurs**
Svæðið er gróið og staðsetning mannvirkja miðast við að núverandi trjá- og runnaþekja haldi sér að mestu. Ef breytingar eru gerðar á trjágróðri skal miða við að flatarmál trjágróðurs haldist óbreytt eða hækki.

Við gerð gróðuráætlana fyrir viðbótargróður skal hlutfall innlendra- (indigenous) og/eða nytjagróðurs vera lágmark 80%. Lágmark 30% gróðurvals skal styðja við myndun og endurnýjun vistkerfa með því að laða að fugla, fiðrildi, býflugur og annað dýralíf.

Við framkvæmdir skal setja gróðurþekjur, tré og runnagróður til hliðar til þess að hægt sé að nota aftur innan svæðis. Yfirborðsmold (efstu 30 cm) skal halda til haga svo hægt sé að nýta aftur. Öll mosavaxin grjót skal geyma þannig að mosinn vísi upp og skaðist ekki við flutning eða geymslu.

**- Ofanvatnslausnir**
Söfnun yfirborðsvatns í tjarnir eða læki er lítil sem engin og leitar regn því að mestu leiti beint niður í jarðveginn og blandast þar grunnvatni svæðisins. Yfirborðsvatn sem til fellur innan svæðis skal vera beint niður í jarðveginn m.a. með notkun gegndræpra lausna á bílastæðum eða leiða í regngarða og/eða uppgufunartjarnir sem skal staðsetja neðarlega í lóðinni. Skólp fer í brunn sem tilheyrir fráveitukerfi borgarinnar vestan við landið. Leyfilegt er að leiða regnvatn í yfirfall sem tekur við 10 ára regni. Notast skal við ofanvatnslausnir við hönnun bygginga, svo sem með að safna regnvatni af þökum í tjarnir eða geyma, svo hægt sé að nota til vökvunar og/eða leikja.

**- Lagnir og fráveita**
Allar aðveitu- og fráveitulagnir tengjast við veitukerfi borgarinnar á lóðamörkum. Allar lagnir innan lóðar eru í höndum lóðarhafa. Fráveita af lóðinn tengist fráveitukerfi Veitna við Suðurlandsveg, vestan megin við lóðina.

**- Umhverfisspor**
Endurvinnsla innan svæðisins: Möguleiki skal vera á að endurvinna alla lífræna matarafganga á lóðinni í formi moltugerðar.
Byggingar skulu miða við Breem/Svans eða sambærilega vottun í efnisvali.

**- Lýsing**
Öll lýsing skal vera lágstemd, skermuð og vísa niður, og miðast að því að vera ratlýsing innan svæðis sem hefur lítil áhrif á nærliggjandi svæði.efnisvali.

**- Fornleifar**
Eftir skoðun Borgarsögusafns Reykjavíkur er ekki reiknað með að fornminjar finnist á lóðinni, svk. skýrslu BSS20200006007 um fornleifaskrá sem gerð var 16. júní 2020.







**Skýringarmynd - Snið A-A** Hámarkshæð bygginga
Mál og brotalínur (byggingarreitur) sýna hæðarmörk bygginga á byggingarreitum
Ljósgrænn litur umlikin brotalínu innan byggingarreits sýnir mögulegt húsform, og er aðeins til viðmiðunar.

## Umhverfisskýrsla

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 fellur deiliskipulagið ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem framkvæmdir munu hafa óveruleg áhrif á umhverfið. Tafla þessi er samantekt um þá þætti sem framkvæmdir munu þó hafa áhrif á.

| | Jákvæð | Óveruleg | Neikvæð |
|---|---|---|---|
| Áhrif á hljóðvist | | X | |
| Áhrif á samfélag | X | | |
| Áhrif á gróðurfar | | X | |
| Vatnsbúskapur og vatnafar | | X | |
| Heilsa og öryggi | X | | |
| Ásýnd og landslag | | X | |
| Menningarminjar | | X | |
| Vistkerfi | | X | |

**Skýringar með töflu:**

**- Áhrif á hljóðvist:**
Hávaði frá starfsemi skáta er óverlugur og of langt er í aðra byggð eða starfsemi til þess að hann berist . Eitthvað ónæði gæti verið á byggingartíma. Við hönnun húsa þarf að taka tillit til þess umferðarniður frá Suðurlandsvegi er vel greinanlegur.

**- Áhrif á samfélag:**
Starfsemin á að auka möguleika til útivistar sérstaklega þegar kemur að börnum en starfsemi skátanna ýtir undir útivist, hreyfingu og hollan lífsstíl. Gert er ráð fyrir að seldar verði veitingar sem geta þjónað öllum þeim sem nýta sér útivistarsvæðið við Rauðavatn og suðvesturhluta Hólmsheiðar. Einnig er gert ráð fyrir að fyrirtæki í nágrenninu get nýtt kaffihúsið.

**- Áhrif á gróðurfar:**
Gróðurinn ber þess merki vera hluti af skjólmyndun fyrir nytjarækt eða litla kofa/sumarhús. Meginuppstaða trjágróðurs eru víðir, greni og birki en einnig má finna þar stakstæða reyniviði og lerkitré. Grónir melar eru þaktir lúpínu, sigurskúf og öðrum sjálfsánum fjölærum plöntum. Deilsikipulagið gerir ráð fyrir að haldið sé í bróðurpart gróðurmassans ásamt lykiltrjám á svæðinu

**- Vatnsbúskapur og vatnafar:**
Söfnun yfirborðsvatns í tjarnir eða læki er lítil sem engin og leitar regn því að mestu leiti beint niður í jarðveginn og blandast þar grunnvatni svæðisins. Yfirborðsvatn sem til fellur innan svæðis verður áfram beint niður í jarðveginn m.a. með söfnun í tjarnir sem munu verða hluti skipulagsins. Skólp fer í brunn sem tilheyrir fráveitukerfi borgarinnar vestan við landið.

**- Heilsa og öryggi:**
Skátastarf er óformlegt uppeldisstarf sem byggir á því að efla sjálfsnám ungs fólks með því að nýta tómstundir þess til uppbyggjandi verkefna. Framkvæmdin mun einnig styðja við aðgengi almennings að Hólmsheiði og Rauðavatni til útivistar.

**- Ásýnd og landslag:**
Byggingar verða lágreistar og hannaðar inn í núverandi gróður og því verða áhrif á landformið óveruleg. Byggingarnar falla inn í brekkuna og standa ekki upp fyrir sjóndeildarhringinn.

Menningarminjar:
Eftir skoðun minjastofnunar er ekki reiknað með að fornminjar finnist á lóðinni.

Vistkerfi:
Framkvæmdin mun hafa óverulegáhrif á vistkerfi þar sem stærsti hluti svæðisins verður óbreyttur.

## Hnitaskrá

| | | |
|---|---|---|
| p1 | X=364773.61 | Y=404120.09 |
| p2 | X=364814.40 | Y=404047.08 |
| p3 | X=364836.86 | Y=404016.04 |
| p4 | X=364858.95 | Y=403993.81 |
| p5 | X=364849.44 | Y=403960.86 |
| p6 | X=364821.92 | Y=403918.34 |
| p7 | X=364798.10 | Y=403887.38 |
| p8 | X=364738.12 | Y=403929.28 |
| p9 | X=364713.23 | Y=403946.04 |
| p10 | X=364680.09 | Y=403955.46 |
| p11 | X=364664.28 | Y=403956.78 |
| p12 | X=364665.44 | Y=403967.15 |
| p13 | X=364674.05 | Y=403985.65 |



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

**Skýringar:**
- Mörk deiliskipulags
- Lóðarmörk
- p1 Hnitasettir hornapunktar lóðar
- br 01 Byggingarreitur húsa
- Bílastæði
- 42 Húsnúmer
- Opin svæði
- Götur
- Göngustígar
- Tré
- Núverandi hús
- d Kvöð um dreifistöð rafmagns

## Sérskilmálar byggingarreita:

**- br 01:**
Höfuðstöðvar.
Tveggja hæða hús, aðkoma af efri hæð.
Hæsti punktur þaks: 5m frá aðkomuhæð.
Notkun: Skrifstofur, kaffihús, verslun.
Hámarks byggingarmagn: 615m²

**- br 02:**
Svefnskáli.
Ein hæð.
Hæsti punktur þaks: 5m frá aðkomuhæð.
Notkun: Svefnskáli fyrir allt að 20 manns.
Hámarks byggingarmagn: 150m²

**- br 03:**
Skemma.
Tvær hæðir.
Hæsti punktur þaks: 8m frá aðkomuhæð.
Notkun: Geymsla og vinnuaðstaða fyrir ýmiskonar útivistarstarfsemi.
Hámarks byggingarmagn: 300m²

**- br 04:**
Fjölnotahús.
Ein hæð.
Hæsti punktur þaks: 5m frá aðkomuhæð
Notkun: Eldunar- og baðaðstaða ásamt fjölnotasal.
Hámarks byggingarmagn: 200m²

**- br 05:**
Svefnskáli.
Ein hæð.
Hæsti punktur þaks: 5m frá aðkomuhæð.
Notkun: Svefnskáli fyrir allt að 20 manns.
Hámarks byggingarmagn: 150m²

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í ______________________________
þann __________ 20____
og í ______________________________
þann __________ 20____
Tillagan var auglýst frá ____________ 20____ með athugasemdafresti til ____________ 20____.
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20____.

Verk: Hádegismóar 3
Teikning: Deiliskipulag

| teikni nr. | blaðstærð | verk nr. | teiknað | mælikvarði | dagsetning |
|---|---|---|---|---|---|
| D-01 | A1 | 19785 | GBS/BJ | 1:1000/1:500 | 22.09.21 |


Gunnar Bergmann Stefánsson arkitekt kt: [redacted]
GSM: [redacted]
E-mail: gunnar.bergmann@gmail.com

Björn Jóhannsson kt: [redacted]
GSM: [redacted]
E-mail: bjorn@urbanbeat.is

# Hádegismóar 3 - Skýringaruppdráttur

## Hugmyndir af uppbyggingu

Skýringaruppdráttur þessi sýnir hugmyndir af uppbyggingu svæðisins sem engöngu er ætlað til hliðsjónar við hönnun á svæðinu. Form og efnisval bygginga á myndunum eru leðbeinandi. Endanleg form og efnisval bygginganna skal vera innan skilmála á deiliskipulagsuppdrætti D-01 og verða unnin á byggingarnefndarstigi.




**Yfirlitsmynd sýnir hvernig staðsetning fyrirhugaðra bygginga er unnin með núverandi trjágróðri og landhalla svæðisins.**



**Séð úr lofti**



**Horft frá Seláshverfi**

## Fyrirhuguð starfsemi

Húsnæðið á svæðinu er ætlað hýsa höfuðstöðvar Bandalags íslenskra skáta (BÍS).
Markmið skátahreyfingarinnar er að stuðla að uppeldi og þroska barna, unglinga og ungs fólks á þann veg að þeir einstaklingar sem „skátauppeldis" njóta verði sjálfstæðir og sjálfum sér nógir, en jafnframt virkir og ábyrgir samfélagsþegnar. – Samfélagsþegnar sem taka þátt í að bæta þann heim sem við búum í, náttúrulegt og menningarlegt umhverfi og samfélag manna, bæði það sem næst okkur er og á alþjóðavísu.

Skátahreyfingin er uppeldishreyfing sem stefnir að því að hver skáti læri smám saman á þroskaferli sínum frá barnsaldri til fullorðinsára að vera sjálfstæður, virkur, ábyrgur og að láta gott af sér leiða í samfélaginu. Skátastarf er óformlegt uppeldisstarf sem byggir á því að efla sjálfsnám ungs fólks með því að nýta tómstundir þess til uppbyggjandi verkefna.
Skátamiðstöð í Hádegismóum mun m.a. hafa eftirfarandi hlutverk:

- Skrifstofa BÍS sem þjónustar skátafélög og skáta ásamt því að sjá um alþjóðastarf
- Fræðslumistöð fyrir skáta
  - Kennsluaðstaða fyrir börn og ungmenni í umhverfis- og útilífsfræðum (leikskólar og grunnskólar)
- Fundaraðstaða fyrir skáta og tengda aðila
- Gistiaðstaða fyrir skáta af landsbyggðinni og erlenda gesti
- Starfsaðstaða Skátalands sem rekur m.a. tjaldaleigu
- Rekstur á kaffihúsi

## Aðgengi og aðkoma

Aðgengi að svæðinu er auðvelt, bæði með bíl, á hjóli eða gangandi. Bein tenging er við Suðurlandsveg um mislæg gatnamót og gott aðgengi um göngu og hjólastígakerfi borgarinnar úr Seláshverfi og Grafarholti. Einnig er góð tenging við hestamannasvæðið í Víðidal, þar sem að reiðstigar liggja við suður og vestur hlið landsvæðisins og því auðvelt að tengja reiðmensku við almennt skátastarf.

Svæðið býður upp á marga möguleika fyrir samtök eins og skátana, bæði innan lóðarinnar og nánasta umhverfi. Fyrir sunnan lóð er Rauðavatn sem hægt er að nýta allt árið um kring. Þar er hægt að sigla á kæjökum eða öðrum smábátum á sumrin og á veturna er vinsælt að fara á skauta á ísilögðu vatninu.

Svæðið er einnig við jaðar Austurheiðar rammaskipulags og tengist auðveldlega því stígakerfi og útivistasvæðum sem er gert ráð fyrir í því skipulagi.

## Tenging náttúru og bygginga

Lagt er upp með að við hönnun á byggingum og öðru á svæðinu verði leitast við að nota náttúruleg efni, sem falla vel að umhverfinu.

Skátastarfið byggist að hluta upp á tengingu mannsins við náttúruna, og hvernig á að lifa í góðu samlindi og jafnvægi við náttúruna. Þar með skal vanda vel hönnun varðandi efni bygginganna og í hönnunarferlinu skal einnig horft til lengri tíma þannig að rekstur bygginganna og svæðsins í heild hafi sem jákvæðast kolefnisspor.



**Horft úr vestri yfir svæðið**



**Horft upp eftir svæðinu úr suðri**



**Horft frá Rauðavatni**



**Byggingar geta unnið vel með landinu og orðið partur af landslagi svæðisins**



**Þannig geta byggingarnar nýst vel í leik og starfi allan ársins hring**

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í ______________________________
þann ___________ 20____
og í ______________________________
þann ____________ 20____
Tillagan var auglýst frá ______________ 20____ með athugasemdafresti til ______________ 20____.
Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ___________ 20____.

Verk: Hádegismóar 3
Teikning: Deiliskipulag - Skýringaruppdráttur

| teikni nr. | blaðstærð | verk nr. | teiknað | mælikvarði | dagsetning |
|---|---|---|---|---|---|
| D-02 | A1 | 19785 | GBS/BJ | X | 22.09.21 |

gb DESIGN

URBAN BEAT landscape & architecture

Gunnar Bergmann Stefánsson arkitekt kt: [redacted]
GSM: [redacted]
E-mail: gunnar.bergmann@gmail.com

Björn Jóhannsson kt: [redacted]
GSM: [redacted]
E-mail: bjorn@urbanbeat.is

**From:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
**Sent:** Thursday, September 30, 2021 1:54:45 PM
**To:** Björn Ingi Edvardsson
**Subject:** RE: Hádegismóar

Sæll,  Veitur gera engar athugasemdir við tillöguna.

Kær kveðja,

**Helga Rún Guðmundsdóttir**
Sérfræðingur í umhverfis- og skipulagsmálum
Framtíðarsýn og rekstur / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: [redacted] | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is




Fyrirvari / Disclaimer: http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer
**From:** Björn Ingi Edvardsson <bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is>
**Sent:** þriðjudagur, 28. september 2021 10:49
**To:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
**Subject:** SV: Hádegismóar

OK. Fínt að fá staðfestinguna.
Ætla að fara senda þetta í kynningarferli á næstunni.

**Frá:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
**Sent:** þriðjudagur, 28. september 2021 08:44
**Til:** Björn Ingi Edvardsson <bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is>
**Efni:** RE: Hádegismóar

You don't often get email from helga.run.gudmundsdottir@veitur.is. Learn why this is important

Hönnuðir voru búnir að skoða þetta og þetta átti að vera í lagi.  Get farið aftur yfir þetta í vikunni, og sent á þig fyrir helgi.

Kær kveðja,

**Helga Rún Guðmundsdóttir**
Sérfræðingur í umhverfis- og skipulagsmálum
Framtíðarsýn og rekstur / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: [redacted] | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is




Fyrirvari / Disclaimer: http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer

**From:** Björn Ingi Edvardsson <bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is>
**Sent:** mánudagur, 27. september 2021 13:43
**To:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>; Gunnar Bergmann <gunnar.bergmann@gmail.com>
**Subject:** SV: Hádegismóar

Sæl Helga,

Hérna eru drög að uppdráttum fyrir Hádegismóa, þið skoðið – en er að fara í auglýsingu bráðum. Vinsamlegast staðfestið hvort texti í greinargerð og skýringar á uppdráttum uppfylli ekki ykkar skilyrði sbr. hefur verið rætt við ykkur af skipulagsráðgjafa

**Björn Ingi Edvardsson**
**Landslagsarkitekt, verkefnisstjóri**
Sími/Tel.: +354 411-3000 / 411 1111
bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is

Virðing fyrir umhverfinu
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

**Frá:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
**Sent:** mánudagur, 20. september 2021 13:08
**Til:** Gunnar Bergmann <gunnar.bergmann@gmail.com>

**Afrit:** Björn Ingi Edvardsson <bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is>
**Efni:** FW: Hádegismóar

You don't often get email from helga.run.gudmundsdottir@veitur.is. Learn why this is important

Ég fann þennan póst hér fyrir neðan þar sem Veitur eru búnar að staðfesta tengingar og koma með tillögu að dreifistöð.  Fráveituhönnuður er búin að staðfesta að hæðarsetning á húsunum sé í lagi með tillit til fráveitu.

Kær kveðja,

**Helga Rún Guðmundsdóttir**
Sérfræðingur í umhverfis- og skipulagsmálum
Framtíðarsýn og rekstur / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: [redacted] | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is




**Frá:** Hólmfríður Bjarnadóttir <holmfridur.bjarnadottir@veitur.is>
**Sent:** mánudagur, 4. maí 2020 21:22
**Til:** Björn Ingi Edvardsson <bjorn.ingi.edvardsson@reykjavik.is>
**Afrit:** Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
**Efni:** FW: Hádegismóar

Sæll,

Veitur eru búnar að skoða tillöguna að deiliskipulagi fyrir Hádegismóa m.t.t. veitustofna og það eru ágætar tengingar kalds vatns, hitaveitu og rafmagna að deiliskipulagssvæðinu.
Hins vegar er nokkur fjarlægð í skólp- og regnvatnsbrunna og töluverður hæðamunur innan svæðisins svo að það er í raun einungis mögulegt að taka við skólpi frá húsum sem eru ofarlega í lóðinni (sjá meðfylgjandi mynd).

Einnig þarf að setja upp dreifistöð til að afgreiða rafmagn, sjá fyrstu tillögu að staðsetningu á myndinni.




Kær kveðja,

**Hólmfríður Bjarnadóttir**
Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna
Tækniþróun Veitna / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: [redacted] | Netfang: holmfridur.bjarnadottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is




Fyrirvari / Disclaimer: http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer